



## VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 3/2018

### **Álagning dagsekta á Ion Hotel ehf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins**

#### **I. Málavextir**

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins til Ion Hotel ehf., kt. 431011-0850 að Nesjavöllum, 801 Selfossi, þann 9. desember 2015, voru veitt eftirfarandi fyrirmæli í eftirlitsskýrslu B 104221:

- Lagfæra skyldi handrið hægra megin við tröppur niður af upphækkun, séð neðan frá í endarými til suðurs, þar sem bar og setustofa eru staðsett.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 1. og 4. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 39. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi ávinnustöðum, með síðari breytingum. Í framangreindum ákvörðunum Vinnueftirlits ríkisins kom fram að fyrirtækið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin voru ítrekuð tvisvar sinnum með bréfum sem Vinnueftirlit ríkisins sendi Ion Hotel ehf., dags. 28. apríl 2016 og 1. nóvember 2016. Þrátt fyrir þessar ítrekanir þá var ekki farið eftir þessum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Með bréfi, dags. 5. febrúar 2018, var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á Ion Hotel ehf. þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Ion Hotel ehf. var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Þrátt fyrir framangreint þá tilkynnti Ion Hotel ehf. ekki um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins.

## II. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Samkvæmt 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögunum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eru mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfærð.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í 6. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980 er kveðið á um að ef Vinnueftirlit ríkisins beinir skriflegum fyrirmælum til atvinnurekanda um úrbætur á vinnustað ber viðkomandi atvinnurekanda eða fulltrúa hans að tilkynna stofnuninni formlega, svo sem bréflega eða með rafrænum hætti, þegar umræddum úrbótum er lokið á vinnustaðnum. Þar sem Ion Hotel ehf. hefur ekki farið að framangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð og veittir hafa verið margir frestir þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á Ion Hotel ehf. dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980, þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 35 starfsmenn hjá Ion Hotel ehf.

## III. Ákvörðunarorð

**„Ion Hotel ehf., kt. 431011-0850, hefur brotið gegn 1. og 4. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 39. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.**

**Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Ion Hotel ehf. Skal fyrirtækið greiða kr. 30.000 á dag frá og með næsta degi eftir að Ion Hotel ehf. var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til það hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 9. desember 2015.”**